



Reykjavíkurborg
Íþrótt- og tómstundasvið

Reykjavík, 15. mars 2021
2021030021


Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs 8. mars 2021 var lagt fram bréf borgarstjóra dags. 1. mars 2021 til borgarráðs vegna Vogabyggðar og Ártúnshöfða. Í tillögunni sem lögð var fyrir borgarráð segir:

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela menningar-, íþrótt og tómstundaráði og íþrótt- og tómstundasviði í samvinnu við Íþróttabandalag Reykjavíkur að gera tillögu að því hvaða félag eða félög taki að sér að þjóna nýjum borgarhluta í Vogabyggð og Ártúnshöfða. Ráðið mun rýna drög að deiliskipulagi og aðgengi að nálægum svæðum með tilliti til íþróttaaðstöðu. Meðal annars verði litið til hugmynda félaganna og óskir um uppbyggingu innviða á svæðinu með hagkvæmni og samnýtingu á einhverjum núverandi innviðum á svæðum félaganna í huga.

Lagt er til að Íþróttafélögunum Þrótti, Fjölni, Ármanni, Fylki og Víkingi verði gefið tækifæri til að kynna hugmyndir sínar varðandi íþróttastarf í hverfunum.


Omar Einarsson.



Borgartúni 12-14
105 Reykjavík